

**Ed.** **151. Frumvarp til laga** [115. mál]

um breyting á lögum nr. 20 20. júní 1923, um réttindi og skyldur hjóna.

Flm.: Auður Auðuns, Ólafur Jóhannesson, Friðjón Skarphéðinsson,  
Alfreð Gíslason læknir.

1. gr.

2. málsliður 90. gr. laganna orðist svo:  
Frá 1. september 1961 gilda þau einnig um hjón, sem gengið hafa að eigast fyrir 1. janúar 1924.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1961.

**Greinargerð.**

Á árunum 1921—1923 eignuðust Íslendingar merka löggjöf á sviði sifjaréttar. Var hún sniðin eftir frumvörpum, sem voru til orðin fyrir samvinnu nefnda, er Danir, Norðmenn og Svíar höfðu skipað til þess að endurskoða og samræma sifjalöggjöf landanna, og var hér aðallega stuðzt við frumvarp dönsku nefndarinnar. Síðasti áfangi þessarar lagasetningar var samþykkt laga nr. 20 20. júní 1923, um réttindi og skyldur hjóna. Með þeim var lögfest jafnræði hjóna í fjármálum þeirra innbyrðis og gagnvart þriðja manni. Sá böggull fylgdi þó skammrifi, að lögin skyldu ekki í þessum efnum taka til hjónabanda, er stofnuð voru fyrir 1. janúar 1924. Um þau giltu því áfram eldri lög, þ. e. lög nr. 3 12. jan. 1900, um fjármál hjóna, en samkvæmt þeim lögum er réttur eiginkonu til umráða yfir félagsbúinu og það jafnvel verðmætum, sem hún hefur sjálf lagt þar til, svo fyrir borð borinn, að á engan hátt samrýmist hugmyndum nútímans um jafnrétti kynjanna.

Að vísu var í lögunum frá 1923 heimild til handa þessum hjónum að kveða svo á með kaupmála innan gildistöku laganna, að hin nýju lög skyldu gilda um skipan fjármála þeirra, en sú heimild var lítið sem ekkert notuð.

Í Danmörku voru á árinu 1925 sett hliðstæð lög um lögfylgjur hjúskapar, Lov om Ægteskabets Retsvirkninger, og eru l. 20/1923 þeim að mestu samhljóða. Gagnstætt því, sem hér varð ofan á, voru dönsku lögin látin taka til allra hjónabanda, einnig þeirra, sem stofnuð voru fyrir gildistöku laganna.

Í athugasemdum við frv. til laga um réttindi og skyldur hjóna segir, að reyndar væri hægt að láta þau ná til eldri hjónabanda að því er varðar lögskipti hjónanna eftir gildistöku hinna nýju laga, en að svo var ekki gert, er rökstutt þannig orðrétt: „En aðallega af praktískum ástæðum, sérstaklega sannanahægð, er vígsludagur hjónanna látinn skera úr fremur en hinn eða þessi samningsdagur.“ Þessi rök verða vart talin svo þung á metunum, að þau hefðu átt að skera úr um svo mikilvægt atriði.

Við höfum nú búið við þessa skipan mála í nær 4 áratugi, og það mun óhætt að fullyrða, að með árunum hefur það orðið æ ljósara, að hér er verið að viðhalda misrétti, sem í vaxandi mæli hefur stangast á við réttarvitund almennings. Frv. þetta fjallar um afnám þess misréttis.